

Ed.

577. Nefndarálit

[227. mál]

um frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta til laga um tollskrá o. fl. er tvær bækur í venjulegu þingskjala-
broti; hin fyrri 174 bls., en hin síðari (stafrófsskrá) 107 bls. eða samtals 281 bls.
Segja má, að efnisatriði þessa rits séu óteljandi ekki síður en eyjar Breiðafjarðar
og vötnin á Tvídægru.

Það hefur — samkv. greinargerð frumvarpsins — tekið tollfróða menn, sem til voru kvaddir af ráðherra, rúmlega þrjú ár að semja þetta frumvarpsbákn. En hvað er alþingismönnum ætlaður langur tími til athugunar á því?

Ríkisstjórnin leggur frumvarpið ekki fyrir Alþingi fyrr en eftir lífa á að gizka aðeins þrjár vikur af tíma þeim, er hún ætlar til þinghaldsins. Frumvarpið á samkv. þingsköpum að athugast í tveim þingnefndum og fara í gegnum a. m. k. sex umræður í þinginu á þessum stutta tíma.

Augljóst er af hinni síðbornu framlagningu frumvarpsins, að ríkisstjórnin kærir sig ekki um vandlega athugun Alþingis á þessari vandasömu, margslungnu lagasetningu og ábyrgðarmiklu ekki aðeins gagnvart ríkissjóðnum, heldur öllum þegnum þjóðfélagsins og atvinnuvegum landsins.

Málið er svo yfirgripsmikið og flókið, — krefst svo fjölbætts samanburðar og mikilla útreikninga, — að ekki getur á þessum skammvinna tíma orðið af þingsins hálfu um annað að ræða en réttnefnt flautursverk til málamynda. Sú ríkisstjórn, sem stofnar til slíkrar afgreiðslu á þessu mikilvæga og stóra máli, sýnir löggjafarsamkomunni og þingræðinu litla virðingu. Hún telur sig geta treyst til þessarar flautursafgreiðslu þeim nauma þingmeirihluta, sem hún styðst við, hvað sem stjórnarandstaðan segi, en með því sýnir hún einmitt stuðningsmönnum sínum mjög takmarkaða virðingu og litla tillitssemi.

Ganga má út frá því, að Alþingi telji fljótt nauðsynlegt að endurskoða þá tollskrá, sem þetta þing lögleiðir þannig.

Sameining aðflutningsgjalda, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, er tvímæla-laust til bóta. Við heildarendurskoðun tollalöggjafarinnar hefði vafalaust hvaða stjórn sem var mælt fyrir um þvílíka sameiningu, svo sjálfögð er hún orðin.

Heildarendurskoðun tollalöggjafarinnar hefði mátt fyrr vera hafin, en það, sem setti löggjöfina algerlega úr skorðum, voru efnahagsmálabyltingar og umbrot núverandi stjórnarstefnu. Gengisfellingarnar 1960 og 1961 sprengdu upp grunninn. Tollþol gjaldþegna raskaðist. Atvinnugreinar urðu mishart úti.

Fyrir þessar og aðrar samverkandi aðgerðir af völdum efnahagsmálafestefnu stjórnarinnar rís æsku landsins illkleift fjall í fang við að byggja sér íbúðir og hefja atvinnurekstur, og það er háskalegt fyrir framtíð þjóðarinnar.

Þetta er m. a. nauðsynlegt að hafa ríkt í huga við setningu nýrrar tollalöggjafar.

Þegar fjármálaráðherrann skipaði nefndina, sem samdi tollskrárfrumvarpið og ég dreg ekki í efa að unnið hafi verk sitt samvirkusamlega, þá setti hann henni höfuðreglur í nokkrum greinum, sem hún skyldi vera bundin af. Ein reglan var: að tollur „væri ekki hærri en 125% af neinni vöru“. Engin vara er því herra verðtolluð samkvæmt tollskrárfrumvarpinu.

Þessu mega þeir fagna, sem kaupa vörur, sem eru nú hátollaðri en 125%. Hins vegar þrengir þetta tollsviðið og dregur úr því, að komið verði við eins og áður að láta fólk bera tollabyrðar eftir kaupgetu. Enginn, sem gert hefur sér rétta grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar, þarf að undrast þetta.

Annað fyrirmæli ráðherrans til nefndarinnar um, hvers hún ætti að gæta, var það: „Að heildartekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum rýrnuðu ekki um of.“

Mjög ósanngjarnt væri að segja, að þessi fyrirskipun fjármálaráðherra sé óeðlileg. Hún er blátt fram afar eðlileg, eins og hún er sett fram í búningi almennra orða.

En hvað er í þessu sambandi rýrnun „um of“?

Vafalaust hefur ráðherrann gert nefndinni grein fyrir því. Um það segir ekkert í greinargerð frumvarpsins. En niðurstaðan er þar. Heildartekjurýrnun í tollskrárgjöldunum til ríkissjóðs, miðað við innflutning 1962, er áætluð á heilu ári 97 milljónir eða um 64 milljónir 1963 eftir hugsuðum gildistíma tollskrárinnar á þessu ári. Á móti koma svo bjartar vonir ráðherrans, sem hann lýsti, þegar hann fylgdi

frumvarpinu úr hlaði, — vonir um aukinn innflutning og minna smygl. Ekki skal ég meta þær vonir ráðherrans til verðs, en augljóst er, að tollalækkunin samkvæmt frumvarpinu er síður en svo til þess fallin að miklast af henni fyrir stjórnarliðið í kjörtímabilslokin.

Ýmsar vörur eru í frumvarpinu að vísu færðar til lægra hundraðsgjalds í tolli, — og þá fyrst og fremst þær, sem nú eru tollaðar með meira en 125%, eins og áður er frá sagt.

Á býsna mörgum vörum er svo aftur á móti lagt til, að aðflutningsgjöldin hækki frá því, sem nú er, auðvitað til þess að fullnægja fyrirmælum ráðherrans.

Talið er, að samþykkt tollskrárfrumvarpsins — eins og það liggur fyrir — leiði ekki af sér neina teljandi lækkun á framfærsluvísitölunni. Það sýnir, að ekki er ætlað til, að neytluvörur almennings lækki í verði.

Glæsilegra er þetta ekki.

Síðan 1958 — eða á valdatíma núverandi stjórnarflokka — hafa ársálögur til ríkissjóðs hækkað um h. u. b. 1400 milljónir króna, eða vantar furðulítið á að hafa þrefaldazt.

Hvað eftir annað hafa forustumenn stjórnarflokkanna látið á sér skilja, að þetta lagaðist rétt strax, — væri aðeins bráðabirgðaáttak, sem yrði að gera til „viðreisnar“. Í því sambandi hafa þeir gefið í skyn, að verið væri að undirbúa þáttaskil með endurskoðun tollskrárinnar. Metaflagóðæri hafa gefizt af náttúrunnar hendi.

Þrátt fyrir þetta sjá þessir menn sér ekki, þegar til kastanna kemur, fært að leggja til heildartollalækkun, sem nokkru verulegu nemur.

Ein álöguhækkunin hjá núverandi stjórnarflokkum var viðbótarsöluskatturinn 8.8% (í tolli), sem lögfestur var á útmánuðum 1960 og skírður „Bráðabirgðasöluskattur“ til merkis um skammlífi. Honum var að sögn ætlað að mæta tilteknum tímabundnum þörfum. Um þrenn áramót, sem síðan eru liðin, hefur hann verið kalt og rólega framlengdur, enda engin torhöfn verið í honum, því að hann hefur hækkað myndarlega í krónum frá ári til árs.

Fyrir næstliðin áramót, þegar „Bráðabirgðasöluskatturinn“ var seinast framlengdur, var yfir lýst, að þetta yrði hans síðasta endurfæðing, því að nú yrði innan skamms lokið endurskoðun tollskrárinnar, — og þá var að skilja, að upp rynnu dagar mikilla efnda.

En hvað gerist? „Bráðabirgðasöluskatturinn“ hafði verið áætlaður á fjárlögum þessa árs 267.4 millj. króna. Nálega tveir þriðjungar þeirrar fjárhæðar innlimast í verðtollsheildina til framhaldslífs þar, en rúmlega einn þriðjungur hans fellur niður. Og er þá þessi riflegi þriðjungur „Bráðabirgðasöluskattsins“ öll tollalækkunin eins og hún leggur sig í heildinni.

Hvílíkur „viðreisnar“-árangur!

Þótt heildarlækkun aðflutningsgjaldanna í tollskrárfrumvarpinu sé háðulega smá, eins og að framan greinir, lýsi ég mig ekki andvígán frumvarpinu, af því að allt, sem til lækkunar horfir í dýrtíðarfargani liðandi stundar, er skárri en ekki neitt, og sameining aðflutningsgjaldanna í einn verðtoll er formbreyting, sem er til hagræðis við framkvæmd tollheimtunnar og fyrir þá, sem að innflutningsverzluninni vinna.

Nokkrar breytingartillögur við frv. flyt ég á sérstöku þskj. Með þeim vil ég freista að koma fram fáeinum leiðréttingum, sem meiri hl. fjárhagsnefndar fékkst ekki til að standa að. Tillögurnar hefði ég kosið að hafa miklu fleiri og viðtækari, en geri það ekki, til þess að stjórnarliðið geti með engu móti afsakað andstöðu sína með því, að þær séu gjörbreyting, sem raski tekjugrundvelli ríkissjóðsins, og enginn tími sé heldur til að athuga nógu rækilega, hvaða áhrif þær kunni að hafa á heildarsamræmi tollakerfisins.

Enn fremur er það staðreynd, sem ekki er hægt að komast fram hjá, að því efnahagskerfi, sem núverandi stjórn hefur sett upp, verður ekki breytt með tollskrá

einni saman. Til lagfæringar á því þarf margþættar umbætur, sem verður að gera samhliða, þegar aðstaða fæst til þess á Alþingi.

Vil ég nú stuttlega víkja að efni aðalbreytingartillagna minna, en geri hins vegar nánari grein fyrir þeim í framsögu.

Framsóknarmenn hafa hvað eftir annað, síðan gengisfellingarnar 1960 og 1961, ásamt álagningu nýrra söluskatta, röskuðu verðlaginu, flutt á Alþingi tillögur um afnám aðflutningsgjalda á helztu landbúnaðarvélum og tækjum til þess að draga úr verðhækkun þessara nauðsynlegu framleiðslutækja. Þeir hafa viljað, að landbúnaðinum væri gert jafnt undir höfði og bróður hans, sjávarútveginum, sem þeir hafa þó alls ekki talið ofhaldinn í þessum eignum.

Stjórnarflokkarnir hafa hiklaust fellt allar umræddar tillögur framsóknarmanna. Nú kemur í ljós í tollskrárfv., að tillöguflutningur og barátta framsóknarmanna í þessu réttlætismáli hefur ekki til einskis verið. Stjórnarliðið hefur svignað. Gert er ráð fyrir í frv., að landbúnaðartækin lækki að tolli niður í 10%. Ekki vill stjórnarliðið unna landbúnaðinum fulls réttlætis, — ekki gefast algerlega upp.

Ég flyt brtt. um, að þessi tæki landbúnaðarins verði tollfrjáls, eins og skipin og vélar í þau. Jafnframt flyt ég tillögur um afnám 4% verðtolls á mikilsverðum tækjum við fiskveiðar og einnig á efnivörum til veiðarfæragerðar.

Framsóknarmenn hafa enn fremur á sama tíma flutt tillögur á Alþingi um lækkun tolla á búsaðildum, sem hækkað hafa mjög í verði, en almenningur kemst ekki af án. Stjórnarflokkarnir hafa ekki viljað ljá máls á þessu.

Ég flyt brtt. við tollskrárfv. um, að þessi tæki lækki frá því, sem þar er, úr 80% tolli í 40% toll.

Í 3. gr. tollskrárfrumvarpsins er lagt til, að heimiluð verði endurgreiðsla á aðflutningsgjöldum „af hreyflum minni en 200 hestöfl, sem settir eru í báta eða notaðir til raflýsingar á sveitabæjum, sem svari því, að af vélunum sé greiddur 10% verðtollur“.

Ég legg til, að heimildin um endurgreiðsluna verði ótakmörkuð, eins og heimild er um endurgreiðslu slíkra gjalda „af efni, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands“.

Sú grimma dýrtíð, sem sprottið hefur af efnahagsráðstöfunum núverandi ríkisstjórnar, kemur hart niður á öllum almenningi. Stórkostlega hættuleg eru áhrif hennar á kostnað við íbúðarhúsabyggingar. Ungt fólk og aðrir efnalitlir, sem þurfa, að guðs og manna lögum, að koma sér upp húsnæði, hafa ekki bolmagn til þess undir fargi dýrtíðarinnar, vaxtaokursins og lánsfjákræppunnar.

Framsóknarmenn hafa flutt á Alþingi tillögur um lækkun vaxta af lánnum og hækkun á lánsfjárhæðum til íbúðabygginga. Tillögur þær hafa stjórnarflokkarnir alltaf fellt.

Af því að tillögurnar hafa ekki náð fram að ganga, vil ég í sambandi við tollskrárfrumvarpið gera tilraun með tillöguflutning, sem gengur í þá átt að draga úr áhrifum dýrtíðarinnar á íbúðabyggingar.

Tillaga mín er við 3. gr. frumvarpsins um, að þar komi nýr heimildarliður um að endurgreiða hluta aðflutningsgjalda af byggingarefni íbúðarhúsa eftir stærð húsa. Skal endurgreiðslan nema 110 kr. á hvern rúmmetra íbúðar. Endurgreiðslan nær þó ekki til þess hluta íbúðar, sem er umfram 360 rúmmetra.

Samkvæmt skýrslu Efnahagsstofnunar ríkisstjórnarinnar voru fullgerðar íbúðir í landinu að meðaltali á ári hverju 1954—1961 (8 árum) 1350 talsins. Fæstar 1954: 383. Flestar 1957: 1618. Árið 1961: 1209.

Samkvæmt skýrslum Hagstofnunar kostaði rúmmetri í íbúð í febrúar 1963 kr. 1689.16.

Eftir útreikningi Húsnæðismálastofnunarinnar árið 1960 um innflutningsgjöld

á byggingarefni til íbúðarhúsa, reyndust gjöldin vera um 7.8% af fullnaðarverði íbúðar. Sé reiknað með 8%, nema innflutningsgjöldin á hvern rúmmetra kr. 135.00.

Endurgreiðslan, kr. 110.00 á rúmmetra, samkvæmt tillögu minni, er þá um 81.5% af innflutningsgjöldunum.

Þessi endurgreiðsla nemur á 360 rúmmetra íbúð kr. 39600.00. Sú stærð er valin sem hámark, af því að hún er sú stærð, sem Húsnæðismálastofnunin tekur til greina hjá 5 manna fjölskyldu við lánveitingar sínar. Endurgreiðsla á rúmmetra íbúðar sé hin sama um land allt.

Ef gert er ráð fyrir, að meðalstærð íbúða til endurgreiðslu sé 320 rúmmetrar og 1350 íbúðir séu fullgerðar á ári, nemur endurgreiðslan á ári samtals kr. 47 520 000.00.

Þetta eru vitanlega áætlaðar tölur, en af þeim má nokkuð ráða, hvað um er að ræða.

Að undanfögnu hefur fimmti hluti „Bráðabirgðasöluskatts“ af innflutningi verið látinn renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Nú hverfur sá skattur samkvæmt frumvarpinu inn í hinn sameinaða toll. Frumvarpið tryggir með ákvæði í 40. gr. bætur til Jöfnunarsjóðsins á þessu fyrir árið 1963, en lengur ekki.

Ég flyt brtt. við 40. gr. frumvarpsins á þá leið, að eftir 1963 verði árlega greidd 5% af tollskrárteknaheildinni til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Það svarar til þess, sem sjóðurinn hefur fengið af þessum söluskatti. Sveitarfélögin má alls ekki svipta þeim tekjustofni.

Verði brtt. mínar samþykktar, tel ég tollskrárfrumvarpið aðgengilegra en það nú er, — og meira í samræmi við lífshagsmuni þjóðarinnar.

Í framsögu mun ég gera nánari grein fyrir þeirri heildartollalækkun, sem ég tel, að tillögur mínar feli í sér.

Alþingi, 7. apríl 1963.

Karl Kristjánsson.